

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 9/2000

Skýrr hf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 6. júní 2000, hefur Þórður Þórðarson hdl., fyrir hönd Skýrr hf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/2000](#), dags. 9. maí 2000. Áfrýjunarnefndin taldi vafa leika á því hvort kæra áfrýjanda hefði borist innan kærufrests samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og var það atriði því tekið til flutnings og úrskurðar sérstaklega.

Málið var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála um þennan þátt málsins þann 26. júní 2000. Áfrýjandi krefst þess að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar. Samkeppnisráð krefst þess hins vegar að framkominni kæru verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

II.

Málavextir eru þeir að með erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 24. ágúst 1998, óskaði áfrýjandi eftir álit skv. 19. gr. samkeppnislaga á meintri brotalöm í framkvæmd á löggjöf um virðisaukaskatt. Erindið varðaði aðallega túlkun á ákvæði í lögum um virðisaukaskatt sem fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts til opinberra aðila vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu. Þá varðaði erindið skattskyldu vegna eigin nota óskráðra aðila og skattskil nokkurra óskattskyldra aðila sem þjónusta sig sjálfir.

Um málsmeðferð samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar vísast til hinnar kærðu ákvörðunar.

Á fundi samkeppnisráðs þann 10. maí 2000 var erindi áfrýjanda tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 16/2000. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar segir m.a. að ekki verði talið að „lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um virðisaukaskatt stríði gegn markmiðum samkeppnislaga eða torveldi frjálsa samkeppni enda verður að skilja kvörtun Skýrr svo að einungis verði fundið að beitingu skattyfirvalda á réttarheimildum þeim sem um virðisaukaskatt gilda.“

Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Ekki er ástæða til frekari afskipta samkeppnisráðs af máli þessu.“

Ákvörðun samkeppnisráðs var boðsend til lögmanns áfrýjanda þann 10. maí sl. Starfsmaður Samtaka Verslunarinnar, sem starfar á sama stað og lögmaður áfrýjanda, á 9. hæð í Húsi verslunarinnar Kringlunni 7, Reykjavík tók við ákvörðuninni og kvittaði fyrir móttöku þann 10. maí kl. 10.22. Kæra áfrýjanda, dagsett 6. júní 2000, undirrituð af Hilmar Magnússyni, hdl., fyrir hönd Þórðar Þórðarsonar, hdl., barst ritara nefndarinnar 9. júní 2000. Enginn pósthólfur var á umslagi kærunnar.

III.

Lögmaður áfrýjanda kveður ákvörðun samkeppnisráðs ekki hafa borist til sín 10. maí s.l., heldur 5 dögum síðar. Ákvörðunin hafi ekki verið afhent starfsmanni lögmannsins þar sem starfsstöð hans, samkvæmt þjóðskrá, sé ekki að Kringlunni 7, Reykjavík heldur að Skólavörðustíg 16, Reykjavík. Ennfremur er því haldið fram að umræddur starfsmaður sem tók á móti ákvörðun samkeppnisráðs sé ekki starfsmaður lögmanns áfrýjanda. Í munnlegum málflutningi fyrir áfrýjunarnefndinni var upplýst að starfsmaður þessi innti stundum þjónustuverk af höndum fyrir lögmannsstofuna. Þá kveður lögmaðurinn að kærán hafi borist á vinnustað ritara áfrýjunarnefndar samkeppnismála að Lindargötu 9, Reykjavík, þann 7. júní 2000. Lögmaðurinn kveður Hilmar Magnússon, hdl., samstarfsaðila sinn hafa útbúið og sent inn umrædda kæru án vitundar sinnar.

Samkeppnisráð bendir á að í bréfi sem fylgdi ákvörðun samkeppnisráðs hafi verið bent á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkvæmt 9. gr. laga 8/1993. Í bréfinu komi fram að kærufrestur sé 4 vikur og að kærán skuli berast í pósthólf 347, 121 Reykjavík. Þá er bent á að lögmaður áfrýjanda hafi haft samband við starfsmenn Samkeppnisstofnunar 9. júní og þá hafi verið ljóst að kæra hafði ekki verið lögð fram.

IV.

Niðurstöður.

Í símaskrá er starfsstöð Þórðar Þórðarsonar hdl. tilgreind í Húsi Verslunarinnar Kringlunni 7, Reykjavík. Í bréfsefni Lögmannsstofunnar, Húsi Verslunarinnar ehf., Kringlunni 7, Reykjavík, 9. hæð, er netfangs Þórðar ennfremur getið. Samkvæmt þessu telur áfrýjunarnefndin að tilkynning hafi réttilega verið birt á skrifstofu Lögmannsstofunar Húsi Verslunarinnar ehf. á 9. hæð í Kringlunni 7, Reykjavík. Áfrýjunarnefndin telur ennfremur að ákvörðun nr. 16/2000 hafi réttilega verið birt fyrir umræddum starfsmanni vegna lögmannsins þar sem staðfest er að umræddur starfsmaður hafi í raun innt af hendi þjónustuverkefni af og til fyrir lögmannsstofuna. Samkvæmt þessu verður að miða upphaf áfrýjunarfrestsins við kvittun fyrir móttöku ákvörðunar nr. 16/2000 þann 10. maí 2000.

Kæra áfrýjanda barst ekki í pósthólf áfrýjunarnefndarinnar með þeim hætti sem tilkynnt er. Þess í stað er hún sögð hafa verið lögð í póstkassa Einkaleyfastofu, Lindargötu 9 í Reykjavík, þann 7. júní sl. merkt ritara áfrýjunarnefndarinnar. Kæran ber það með sér að Hilmar Magnússon hdl. undirritaði hana fh. Þórðar Þórðarsonar hdl. Fullyrt er að Hilmar hafi samið kærana og afhent án vitundar Þórðar sem hafði nokkru síðar eða þann 9. júní haft samband við Samkeppnisstofnun erlendis frá til að spyrjast fyrir um lengd áfrýjunarfrests.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga er áfrýjunarfrestur 4 vikur talið frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Samkvæmt 8. gr. stjórnslulaga ber að miða upphaf þessa frest við næsta dag þar á eftir. Samkvæmt því var fresturinn úti við lok 7. dags júnímánaðar. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að kærana hafi verið komin til ritara áfrýjunarnefndarinnar fyrir þennan tíma. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefndinni.

Úrskurðarorð.

Framangreindri kæru er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 7. júlí 2000.

Stefán M. Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Lárus Blöndal